

Skólaráðsfundur 25.9.2025

Mættir: Hrafn Sölvi 9. bekk, Veronika Jara 10. bekk, Diljá fulltrúi foreldra í Heiðarskóla, Hildur fulltrúi foreldra í Skýjaborg, Sigrún Vigdís fulltrúi kennara í Heiðarskóla, Halldóra fulltrúi almennra starfsmanna í Heiðarskóla, Jóhanna fulltrúi grenndarsamfélagsins, Ingibjörg fulltrúi foreldra í Heiðarskóla, Ásdís fulltrúi starfsmanna í Skýjaborg, Sigga Lára skólastjóri í Heiðarskóla og Eyrún leikskólastjóri Skýjaborgar ritar fundargerð.

1. **Hlutverk skólaráðs:** Farið yfir verkefni og reglur skv. lögum. Nýjir fulltrúar boðnir velkomnir. Fulltrúar skólaráðs 2025-2026 eru:

- a. Diljá Marín Jónsdóttir, fulltrúi foreldra í Heiðarskóla
- b. Eyrún Jóna Reynisdóttir, skólastjóri Skýjaborgar
- c. Ingibjörg Halldórsdóttir, fulltrúi foreldra í Heiðarskóla
- d. Sigrún Vigdís Gylfadóttir, fulltrúi kennara í Heiðarskóla
- e. Sigríður Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri Heiðarskóla
- f. Halldóra Andrésdóttir, fulltrúi almennara starfsmanna í Heiðarskóla
- g. Jóhanna Harðardóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins
- h. Ásdís Björg Björgvinsdóttir, fulltrúi kennara/starfsmanna í Skýjaborg
- i. Hildur Jónsdóttir, fulltrúi foreldra í Skýjaborg
- j. Veronika Jara Heimisdóttir, fulltrúi nemenda úr 10. bekk
- k. Hrafn Sölvi fulltrúi nemenda úr 9. bekk

2. **Ársskýrsla Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2024-2025:** Lögð fram til kynningar.

3. **Starfsáætlun Skýjaborgar:** Lögð fram til samþykktar. Samþykkt.

4. **Sjálfsmatsskýrsla Skýjaborgar:** Lögð fram til kynningar.

5. **Starfsáætlun Heiðarskóla:** Lögð fram til samþykktar. Farið sérstaklega yfir skólareglur. Samþykkt.

6. **Sjálfsmatsskýrsla Heiðarskóla:** Lögð fram til kynningar.

7. **Fjárhagsáætlun fyrir 2026 – hugmyndir:** Sjá í ársskýrslu þörf á endurnýjun í smíðastofu og heimilisfræðistofu. Hefilbekkir. Ofnar og helluborð í heimilisfræðistofu (hellur lengi heitar, hættulegt, fá spanhellur). Opanlegur gluggi í smíðastofu. Sjónvörp og gagnvirkur skjár Heiðarskóla. Fleiri rólur í Heiðarskóla. Hljóðdempun á stiga í Heiðarskóla (hefur verið að auka víbringur og læti í hann). Stólar á unglingastigi. Afþreying í félagsrými: píluspjöld (umræða með félagsmiðstöð). Jólasveinabúningar. Púðar í gluggana í unglingadeild.

8. **Önnur mál:**

- a. Skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar: Uppfærsla á skólanámskrá er á lokametrinum. Námskráin er uppfærð út frá nýrri Menntastefnu sveitarfélagsins, Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og áorðnum breytingar á aðalnámskrám.
- b. Bygging nýs leikskóla: Umræður. Farið yfir ferli með arkitektum.

- c.** Nemendaferðir erlendis: Það er vilji í samfélaginu að styrkja krakkana, safna dósum o.fl. Möguleiki að bjóða fólki í samfélaginu að vera styrktaraðilar.